

sstöðum.

Fljótshlíð:

Samnorrænt mót kristinna Ísraelstrúboðsfélaga

Að undanförnu hafa bandarísku hjónin, Ethel og Stan Telchin, tekið þátt í þremur samkomum í Reykjavík á vegum KFUM og KFUK. Í kjölfar þessara samkoma verður haldið samnorrænt mót kristinna Ísraelstrúboðsfélaga dagana 26.–31. júlí að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Samtök um kristna boðun meðal gyðinga býður til mótsins og er það öllum opið. Þar verða ýmsir kunnir norrænir forvígismenn á þessum vettvangi ræðumenn ásamt þeim hjónum. Bók Stans Telchin, Svikinn, kemur út í tilefni mótsins en í henni segir frá trúarárekstri og einlægri trúarleit þeirra hjóna og yngri dóttur þeirra eftir að eldri dóttirin hafði lýst því yfir að hún tryði á Jesú. Bókin hefur verið þýdd á 15 tungumál.



Rúna Gísladóttir stendur fyrir listkynningu í Hvalfirði.

Listkynning í Ferstikluskála

Rúna Gísladóttir listmálari sýnir myndir sínar í Ferstikluskála í Hvalfirði þessa dagana. Þetta er listkynning fyrir ferðafólk eða þá sem langar að fá sér klukkutímabílferð til að skoða myndlist.

Rúna stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árin 1978–82 og einnig í Noregi um tíma. Hún hefur unnið við listsköpun undanfarin ár og haldið nokkrar einkasýningar, m.a. á Kjarvalsstöðum, Blönduósi og Siglufirði. Hún starfar á eigin vinnustofu að Selbraut 11 á Seltjarnarnesi og þar stendur hún einnig fyrir námskeiðum í málun og myndlist.

Myndir Rúnu er vatnslitamyndir, akrýlmyndir og klippimyndir (collage). Sýningin er opin á afgreiðslutíma Ferstikluskála.



Hans Christiansen myndlistarmaður opnar sýningu á vatnslita- og pastelmyndum í anddyri Hótel Selfoss á laugardag. Sýnd verða 25 verk, unnin á síðustu tveimur árum. Þetta er 22. einkasýning Hans en henni lýkur 5. ágúst.

Kjarvalsstaðir:

Gautadóttir

kynngitákn í myndir sínar.

Nína er fædd í Reykjavík árið 1946. Hún lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1969 og hélt til Frakklands ári seinna. Nína stundaði nám í Listaháskóla Parísarborgar og brautskráðist þaðan með próf í málaralist árið 1976. Hún stundaði einnig framhaldsnám í höggmyndum við sama skóla. Nína dvaldi í nokkur ár í Níger og Kamerún í Afríku og vann um tíma myndir í þrívídd (vefnaði) og með leður. Nína býr nú og starfar í París.

sýnir verk Alcopleys

myndir og örlitlar sem eru minni en frímerki.

Alcopley er fæddur í Dresden 19. júní 1910. Hann varð því áttræður á þessu ári. Hann ólst upp í Dresden og nam síðar læknisfræði, bókmenntir og heimspeki við þýska háskóla. Síðar fór Alcopley til Sviss og stundaði þar nám í lífefnafræði en sem málari var hann að mestu sjálfmenntaður. Árið 1937 fluttist hann til New York og fékk ríkisborgararétt nokkrum árum síðar. Kona hans var listakonan Nína Tryggvadóttir og þau eignuðust eina dóttur, Unu Dóru, sem einnig er listakona.

Sýningin í Nýhöfn er opin alla daga nema mánudaga og lýkur henni 15. ágúst.



Afmælisafsláttur hjá Mongolian Barbecue

Um þessar mundir er Mongolian Barbecue eins árs. Í tilefni af því býðst matargestum 20% afsláttur þessa viku, eða í kvöld og á laugardagskvöld. Staðurinn er opinn kl. 17–23.30.

Sýningar

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

SPRON
Álfabakka 14
Í SPRON stendur yfir sýning á verkum eftir Katrínu Ágústsdóttur. Myndefnið sækir Katrín aðallega í húsaþyrpingar, t.d. í Reykjavík, og íslenskt landslag. Á sýningunni er myndefnið nokkuð úr Breiðholtshverfinu og umhverfi þess, svo og nokkrar landslagsmyndir. Sýningin, sem er sölusýning, mun standa yfir til 31. ágúst nk. og er opin frá föstudegi til mánudags frá kl. 9.15–16.

Vinnustofa Ríkeyjar
Hverfisgötu
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10–16.

Þjóðminjasafnið
Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–16.

Minjasafnið á Akureyri
Aðalstræti 58 – sími 24162
Opið er kl. 13.30–17 alla daga vikunnar.

Guðjón Bjarnason sýnir í Kringlunni
Guðjón Bjarnason sýnir í boði ÁTVR í forsal verslunarinnar í Kringlunni. Sýningin er liður í þeirri stefnu ÁTVR að efla og styrkja íslenska myndlist og myndlistarmenn. Á sýningunni eru 12 málverk, unnin á tré með ýmsum aðferðum í Bandaríkjunum og hérlendis á sl. ári.

Rjómabúið á Baugsstöðum
s. 98-63369/98-63379/21040.
Safnið verður opið í sumar laugardaga og sunnudaga frá kl. 13–18. Opið á öðrum tímum fyrir hópa. Rjómabúið var reist árið 1905 og var í notkun til ársins 1952. Þar var einnig rekið pöntunarfélag frá 1928 til 1969.

Olíumálverk í Þrastarlundi
Þórhallur Filippusson sýnir 13 olíumálverk í Þrastarlundi. Þetta er 4. sumarið í röð sem hann sýnir í Þrastarlundi. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Gunnar Örn sýnir í Skálholtsskóla
Í tengslum við stofnfund Menningarsamtaka Sunnlendinga 9. júní var opnuð sýning Gunnars Arnar Gunnarssonar í húsakynnum Skálholtsskóla. Gunnar Örn sýnir þar 33 myndir og nefnir sýninguna Sumar í Skálholti. Allar myndirnar eru til sölu. Sýningin er opin almenningi allan daginn í júlí og kl. 13–17 í ágúst.

Listkynning í Ferstikluskála
Rúna Gísladóttir listmálari sýnir myndir sínar í Ferstikluskála, Hvalfirði, næstu vikurnar. Myndir Rúnu á sýningunni eru vatnslitamyndir, akrýlmyndir og collage og eru þær allar til sölu. Opið er á afgreiðslutíma Ferstikluskála fram til kl. 23 dag hvern.

Gamanmyndir í Blómaskálanum Vín
Hallgrímur Helgason, sem kunnur er sem forstöðumaður Útvarps Manhattan á rás tvö, sýnir gamanmyndir í blómaskálanum Vín innan við Akureyri. Hallgrímur hefur í sumar dvalið við listsköpun sína og þáttagerð í Davíðshúsi á Akureyri.

Vatnslita og pastelmyndir á Hótel Selfossi
Hans Christiansen myndlistarmaður opnar sýningu á vatnslita- og pastelmyndum í anddyri Hótel Selfoss laugardaginn 28. ágúst kl. 14.
Sýnd verða um það bil 25 verk, gerð á þessu og sl. ári Þetta er 22. einkasýning Hans og lýkur henni að kvöldi 5. ágúst nk.

verður leiðsögumaður í ferðinni og með hans hjálp verða helstu og skemmtilegustu staðirnir skoðaðir. Eldsneyti verður ókeypis svo lengi sem sjóðir endast en það verður væntanlega alla ferðina. Bikarar verða veittir: 1. Vinsælasta bílnum. 2. Besta bílnum og 3. Fallegasta bílnum samkvæmt vali ferðafélaganna. Fyrirframskráning verður ekki í ferðina en vonast er eftir góðri þátttöku enda eru aðeins tveir stuttir kaflar eknir á malarvegi.

Laugardagsganga Hana nú
Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun. Lagt verður af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Markmið göngunnar er: samvera, súrefni og hreyfing. Allir Kópavogsbúar eru velkomnir í bæjarröltið. Nýlagað molakaffi. Púttvöllur Hana nú á Rútstúni er opinn öllum Kópavogsbúum um helgar.

Húsdýragarðurinn í Laugardal
Dagskrá laugardaginn 28. júlí og sunnudaginn 29. júlí: Kl. 10 opnað. Kl. 11 selum gefið. Kl. 11.30 hreindýr teymd um svæðið. Kl. 13 hestar teymdir um svæðið. Kl. 14 selum gefið. Kl. 14.30 hreindýr teymd um svæðið. Kl. 15 hestar teymdir um svæðið. Kl. 16 ungar sýndir í smádýrahúsi. Kl. 16.15 selum gefið. Kl. 16.30 nautagripir reknir í fjós. Kl. 16.45 kindur, geitur og hestar tekin í hús. Kl. 17 hænur og kjúklingar tekin í hús. Kl. 17.15 minkar og refir fóðraðir. Kl. 17.30 kýr mjólkaðar. Lokað kl. 18. Verð kr. 100 fyrir börn, kr. 200 fyrir fullorðna.

Þolreiðarkeppni
Á sunnudag kl. 10 verður lagt upp í þolreið frá Laxnesi í Mosfellsdal. Riðið verður yfir að Skeggjastöðum og Hrafnhólum að Köldukvísl og farið undir brúna þar og riðið út með Leirvognum fram hjá Korpúlfsstöðum, Keldnaholti og Keldum, upp að Rauðavatni og þar yfir í hesthúsahverfi í Víðidal. Leiðin er 37 km löng og áætlað er að keppendur fari hana á um tveimur klukkustundum. Að keppninni standa Hestaleigan í Laxnesi, Stöð 2,



Hestamannafélagið Hörður og Flugleiðir sem gefa jafnframt vinninga. Þetta er í þriðja skipti sem þessi keppni er haldin en áður var riðið í Skógarhlíð. Þessi reiðleið býður upp á að hægt sé að fylgjast með keppnisfólki alla leiðina.